

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í hreppnum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
Minni en 6.000 l	16.500

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 7.600 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí, og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Að hálfum hluta fylgir það vísitölu neysluverðs frá 2008, undirvísitala 072 og miðað við hana í desember 2022 sem er 208,9 stig. Breytingar skulu líka að hálfum hluta fylgja launavísitölu Hagstofu Íslands. Launavísitala desember mánaðar 2022 sem lögð er til grundvallar er 905,6 stig.

Fyrsta endurskoðun gjaldsins verður 1. janúar 2024.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrá fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 840/2002.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 15. mars 2023.

Skorradal, 17. mars 2023.

Jón Eiríkur Einarsson oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 11. apríl 2023